

Unnur Rún Sigurpálsdóttir - Hestamannafélagið Skagfirðingur



Ég heiti Unnur Rún Sigurpálsdóttir, reiðkennari frá Háskólanum á Hólum. Ég er uppalin í Hestamannafélaginu Léttfeta, þar til það félag sameinaðist hestamannafélaginu Stíganda og Svaða og úr varð hestamannafélagið Skagfirðingur. Ég hef stundað hestamennsku frá barnsaldri en ég er sú eina úr minni fjölskyldu sem smitaðist af þeim áhuga. Ég útskrifaðist af hestabraut FNV árið 2018 og með BSc í reiðmennsku og reiðkennslu frá Háskólanum á Hólum árið 2021.

Í nokkur ár hef ég starfað við þjálfun hrossa hjá Bjarna Jónassyni og hef mikinn áhuga á æskulýðsmálum og þeim ungu aðilum sem er að stíga sín fyrstu skref í hestamenskunni. Ég hef meðal annars kennt og kenni unglingum í æskulýðsdeild og keppnisþjálfun Skagfirðings, verið í mótanefnd félagsins frá árinu 2015, stjórn Meistaradeildar KS frá árinu 2017 og starfað í nefnd fyrir Íslandsmót sem haldið var á Hólum 2021. Einnig hef ég setið í stjórn hestamannafélagsins Skagfirðings frá árinu 2020 ásamt því að vera í tölvunefnd félagsins þar sem ég legg mitt að mörkum hvað varðar mótahald og Sportfeng.